

Persónuverndarstefna

Jafnlaunastofu

Efnisyfirlit

1. Almenn	2
2. Hvaða persónuupplýsingum safnar Jafnlaunastofa?	2
3. Hvaðan koma persónuupplýsingarnar?	2
4. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga	3
5. Miðlun persónuupplýsinga	3
6. Vinnsla upplýsinga um starfsfólk og umsækjendur um störf	4
7. Flutningur gagna úr landi	4
8. Varðveislutími persónuupplýsinga	5
9. Öryggi persónuupplýsinga	5
10. Réttindi skráðra einstaklinga	5
11. Kvartanir, beiðnir og ábendingar	6
12. Vefkökur	6
13. Breytingar á persónuverndarstefnu	6

1. Almennt

Jafnlaunastofa hefur það að markmiði að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem unnið er með innan hennar. Persónuverndarstefna Jafnlaunastofu er sett í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 (persónuverndarlaga). Tilgangurinn með persónuverndarstefnu þessari er að upplýsa um hvernig og hvers vegna persónuupplýsingum er safnað, á hvaða lagagrundvelli og hvernig þær eru meðhöndlaðar og unnar.

2. Hvaða persónuupplýsingum safnar Jafnlaunastofa?

Persónuupplýsingar í skilningi þessarar stefnu eru hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Gögn sem eru ópersónugreinanleg teljast ekki persónuupplýsingar. Vinnsla persónuupplýsinga vísar í aðgerð eða röð aðgerða þar sem persónuupplýsingar eru unnar með einhverjum hætti, svo sem söfnun, skráning, varðveisla og eyðing, hvort sem vinnslan er sjálfvirk eða ekki.

Tilgangur Jafnlaunastofu er að styðja sveitarfélög og eftir atvikum aðra aðila við framkvæmd launasetningar með launajafnrétti að markmiði, meðal annars með mati starfa, fræðslu, ráðgjöf og þróun starfsmats, greiningar- og matstækja. Þessi starfsemi felur í sér vinnslu upplýsinga sem geta talist persónuupplýsingar.

Jafnlaunastofa vinnur persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla tilgang sinn um að stuðla að launajafnrétti, þróa greiningar- og matstæki, veita ráðgjöf og fræðslu, framkvæma starfsmat og starfaflokkun og til að svara fyrirspurnum og afgreiða erindi sem berast henni. Vinnsla persónuupplýsinga getur t.a.m. varðað:

- Almennar persónuupplýsingar á borð við nafn, kyn, netfang, símanúmer, kennitala, starfslýsingar, upplýsingar um starfshlutfall, starfsaldur, yfirmann, skipuritslega stöðu, starfsheiti, samstarfsfólk, stofnun, staðsetningu starfs og menntun/réttindi. Hugbúnaðarlausnir sem nýttar eru við spurningakannanir vinna með IP-tölur starfsfólks.
- Viðkvæmar persónuupplýsingar, þ.e. upplýsingar um aðild að stéttarfélagi, kyn ef viðkomandi skilgreinir sig sem kynsegin.

3. Hvaðan koma persónuupplýsingarnar?

Persónuupplýsingum er fyrst og fremst safnað frá þriðju aðilum, þ.e. starfsfólki, fulltrúum atvinnurekenda og stéttarfélögum.

Þetta felur í sér:

1. Þegar sveitarfélög, félög í eigu sveitarfélaga, ríkið eða aðrir atvinnurekendur láta Jafnlaunastofu upplýsingar í té í tengslum við starfsmat, þróunarverkefni, fræðslu og ráðgjöf.
2. Þegar stéttarfélagsfulltrúar láta Jafnlaunastofu upplýsingar í té í tengslum við starfsmat, þróunarverkefni og ráðgjöf.
3. Persónuupplýsingum er einnig safnað beint frá viðkomandi einstaklingum. Dæmi um slíka upplýsingaöflun er þegar einstaklingar hafa samband við Jafnlaunastofu til að sækja um endurmat eða taka þátt í gagnaöflun vegna mats starfa, t.d. viðtalsferlum.

4. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga hjá Jafnlaunastofu er eftirfarandi:

- Að stuðla að launajafnrétti
- Starfsmat og starfaflokkun
- Þróun greiningar- og matstækja
- Að veita ráðgjöf og fræðslu
- Að auðkenna og hafa samband við notendur þegar það er nauðsynlegt markmiði Jafnlaunastofu
- Að svara fyrirspurnum og afgreiða erindi sem berast Jafnlaunastofu í gegnum vefsíðu, tölvupóst eða síma.

Vinnsla persónuupplýsinga hjá Jafnlaunastofu byggir fyrst og fremst á samningum um vinnslu fyrir hönd ábyrgðaraðila sem teljast til opinberra aðila. Hún snýr að því að efna samninga þessa og sinna öðrum þeim skyldum sem leiða af þjónustu við þá.¹ Þá byggir vinnsla á grundvelli umsókna einstaklinga um starfsmat eða endurmat á samþykki, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.

5. Miðlun persónuupplýsinga

Jafnlaunastofa miðlar persónuupplýsingum þegar það er nauðsynlegt til að ná tilgangi vinnslunnar. Mismunandi er eftir eðli vinnslu til hvers persónuupplýsingar eru miðlaðar:

Verkefnastofa starfsmats

Persónuupplýsingum er miðlað til fulltrúa launafólks og launagreiðenda í starfsmatsnefndum Reykjavíkurborgar og Samband íslenskra sveitafélaga og stéttarfélaga.²

¹ Fyrir frekari upplýsingar má skoða heimasíður okkar helstu ábyrgðaraðila: [Reykjavíkurborg](#), [Samband íslenskra sveitarfélaga](#) og [Stjórnarráð Íslands](#).

² Nefndirnar eru: Starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar, Framkvæmdanefnd starfsmats og Fagleg stjórn starfsmats.

Verkefni um þróun virðismatskerfis Kennarasambands Íslands

Persónuupplýsingum getur verið miðlað til fulltrúa launafólks og launagreiðenda í faglegri stjórn um þróun virðismatskerfis fyrir störf félaga innan Kennarasambands Íslands.

Verkefni um þróun virðismatskerfis ríkisins

Persónuupplýsingum getur verið miðlað til fulltrúa launafólks og launagreiðenda í faglegri stjórn um þróun virðismatskerfis fyrir störf hjá ríkinu.

Vinnsluaðilar og undirvinnsluaðilar

Jafnlaunastofa kann að nýta sér þjónustu utanaðkomandi vinnsluaðila (t.d. tölvukerfisþjónustu) sem vinna með persónuupplýsingar á hennar vegum. Gerðir eru skriflegir vinnslusamningar við slíka aðila sem tryggja að þeir uppfylli viðeigandi öryggis- og persónuverndarkröfur.

6. Vinnsla upplýsinga um starfsfólk og umsækjendur um störf

Jafnlaunastofa vinnur með persónuupplýsingar um starfsfólk til að geta greitt því laun og tryggt réttindi þess á grundvelli kjarasamninga og vinnulöggjafar. Tilteknar upplýsingar eru nauðsynlegar til að geta greitt laun, svo sem tengiliðaupplýsingar, launaflokkur, tímaskráningar, skattþrep, stéttarfélagsaðild, bankaupplýsingar, lífeyrissjóðsupplýsingar, upplýsingar um viðveru og skuldir við innheimtumann ríkissjóðs. Þá eru aðgerðir starfsfólks í málaskrá skrifstofunnar skráðar í aðgerðaskrá.

Heimilt er að vinna framangreindar upplýsingar þar sem það er nauðsynlegt til að efna ráðningarsamning, skv. 2. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018. Þegar um er að ræða vinnslu upplýsinga um fjarvistir vegna veikinda, fæðingarorlofs og annarra atriða sem tengjast lögbundnum réttindum starfsfólks byggir vinnslan á lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018, sbr. einnig 2. tölul. 1. mgr. 11. gr. sömu laga um skilyrði fyrir vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga. Þegar kemur að vinnslu upplýsinga umsækjenda um störf er byggt á samþykki þeirra, sbr. 1. tölul. 9. gr. laga nr. 90/2018.

7. Flutningur gagna úr landi

Jafnlaunastofa varðveitir ekki persónuupplýsingar utan EES-svæðisins. Jafnlaunastofa miðlar ekki persónuupplýsingum til þriðju aðila sem staðsettir eru utan EES-svæðisins nema á grundvelli lagaheimildar, stjórnvaldsfyrirmæla, dómsúrskurðar, skriflegs vinnslusamnings eða samþykkis hins skráða.

8. Varðveislutími persónuupplýsinga

Jafnlaunastofa er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þær persónuupplýsingar sem Jafnlaunastofa vinnur eru því almennt afhentar Þjóðskjalasafni Íslands að ákveðnum tíma liðnum samkvæmt ákvæðum laganna og reglum sem Þjóðskjalasafn Íslands setur. Skjöl í vörslum Jafnlaunastofu eru almennt afhent Þjóðskjalasafni Íslands að 30 árum liðnum, en skjöl og önnur gögn á rafrænu formi þegar þau hafa náð fimm ára aldri, í samræmi við 1. mgr. 15. gr. laga um opinber skjalasöfn.

9. Öryggi persónuupplýsinga

Jafnlaunastofa gætir öryggis persónuupplýsinga með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum, meðal annars með það að markmiði að koma í veg fyrir mannleg mistök, þjófnað, svik eða aðra misnotkun á upplýsingum. Starfsfólk Jafnlaunastofu, sem og allir verktakar og þriðju aðilar sem koma að vinnslu persónuupplýsinga á hennar vegum, eru upplýstir um skyldu sína til að viðhalda trúnaði og tryggja öryggi persónuupplýsinga við upphaf starfa. Trúnaðar- og þagnarskylda þessi byggir á friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 71. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 228. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Jafnframt byggir hún á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

10. Réttindi skráðra einstaklinga

Skráðir einstaklingar eiga rétt á að fá vitneskju um það hvaða persónuupplýsingar þeirra eru unnar hjá Jafnlaunastofu sem og aðgang að eigin persónuupplýsingum sem Jafnlaunastofa hefur með höndum. Þeir eiga rétt á að afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga sem byggð er á samþykki hvenær sem er en afturköllun samþykkis hefur ekki áhrif á þá vinnslu sem þegar hefur farið fram á grundvelli þess samþykkis. Þeir eiga einnig rétt á að óska eftir að láta leiðrétta, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga um sig eða andmæla slíkri vinnslu. Framangreindum réttindum kunna þó að vera sett takmörk í gildandi lögum og reglum, eins og til dæmis ákvæðum laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn, eftir því sem við á. Skráðir einstaklingar eiga rétt á upplýsingum um uppruna persónuupplýsinga sem ekki er aflað frá þeim sjálfum.

Vilji skráðir einstaklingar fá nánari upplýsingar um eða nýta framangreind réttindi er þeim bent á að hafa samband við fulltrúa Jafnlaunastofu á personuvernd@jafnlaunastofa.is eða í síma 415-4990.

Skráðir einstaklingar eiga rétt á að leggja fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsfirvaldi, Persónuvernd, ef þeir telja að Jafnlaunastofa hafi ekki virt réttindi þeirra við meðferð á persónuupplýsingum.

11. Kvartanir, beiðnir og ábendingar

Fyrirspurnum vegna vinnslu persónuupplýsinga má koma á framfæri við Jafnlaunastofu með því að hafa samband við tengilið Jafnlaunastofu á personuvernd@jafnlaunastofa.is. Einnig er hægt að hringja í okkur í síma 415-4990.

12. Vefkökur

Vefkökur (e. cookies) eru litlar textaskrár sem vistaðar eru í tölvum eða öðrum snjalltækjum, þegar vefsvæði er heimsótt í fyrsta skipti. Til eru mismunandi tegundir af vefkökum. Sumar eru nauðsynlegar til að tryggja virkni vefsíðna, aðrar eru notaðar til greiningar á notkun vefsíðna og enn aðrar eru notaðar til greiningar í markaðsskyni. Vefsíður Jafnlaunastofu, jafnlaunastofa.is og starfsmat.is, nota einungis nauðsynlegar vefkökur sem og kökur til að gera notendaupplifun sem besta. Hægt er að slökkva á þeim vefkökum sem ekki eru nauðsynlegar til að tryggja virkni vefsvæðisins. Það er gert með því að breyta stillingum í vafranum.

13. Breytingar á persónuverndarstefnu

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann að taka breytingum vegna breytinga á löggjöf, starfsemi Jafnlaunastofu eða af öðrum ástæðum sem kunna að kalla á slíkt. Breytingar taka gildi við birtingu uppfærðrar stefnu á vefsíðu Jafnlaunastofu, jafnlaunastofa.is.

Þessi persónuverndarstefna var sett þann 19. febrúar 2026.